



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR um starfsemi skólans árið 2010

VORÖNN 2010	Nemendur	Námskeið	Kennslustundir	Kennarar
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	34		520	
MÓTUN B	13		598	
MÓTUN D	13		598	
ALMENN NÁMSKEIÐ	244	27	1456	38
SAMSTARF ALMENN NÁMSK.: Fjölmenn og Vinnumálastofnun	50	7	593	14
ENDURMENNTUN	34	2	18	4
BÖRN OG UNGT FÓLK	189	21	780	29
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	18	2	24	2
LISTASMIÐUR: Dynðilyndi	80	4	8	6
LEIKSKÓLASAMSTARF	54	3	84	3
SAMSTARF BARNAEILD: Leikskólar, Sjónstöð og Vinnuskólinn	69	5	84	3
SUMARNÁMSKEIÐ	168	17	376	26
LISTBÚÐIR: Danmörku-Nature Form-Ecological Architecture	8	1	52	2
HAUSTÖNN 2010	Nemendur	Námskeið	Kennslustundir	Kennarar
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	34		520	
KERAMIK KJÖRSVIÐ	8		546	
MÓTUN A-hluti	11		598	
MÓTUN C-hluti	12		598	
TEIKNING A-hluti	14		598	
TEXTÍLL A-hluti	12		598	
ALMENN NÁMSKEIÐ	231	24	1304	29
SAMSTARF ALMENN NÁMSK.: Fjölmenn og Vinnumálastofnun	29	5	433	9
ENDURMENNTUN	17	2	8	3
BÖRN OG UNGT FÓLK	182	20	729	24
SAMSTARF BARNAEILD: Leikskólar	31	2	54	3
Samtals á árinu 2010:	1555	142	11177	195

Upplýsingar í grámerktum reitum koma fram í köflum um viðkomandi deildir.

FJÖLDI NEMENDA samanburður milli ára

VORÖNN	2010	2009	2008	2007	2006
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	34	29	31	26	22
KERAMIK KJÖRSVIÐ		7	8	6	10
MÓTUN B	13	12	11		
MÓTUN D	13	8			
ALMENN NÁMSKEIÐ	244	253	215	191	177
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	50	26	6		
ENDURMENNTUN	34	79			
BÖRN OG UNGT FÓLK	189	207	255	217	199
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	18	17	17	23	13
LISTASSMIÐJUR	80				
LEIKSKÓLASAMSTARF	54	53	40	42	
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda	200	129	131	45	
SAMSTARFSVERKEFNI Barnaeildar	15	6		10	
SUMARNÁMSKEIÐ	180	218	144	237	187
LISTBÚÐIR ERLENT SAMSTARF	8	5	17	5	0
HAUSTÖNN	2010	2009	2008	2007	2006
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	34	34	29	31	30
KERAMIK KJÖRSVIÐ	8	12	7		11
KERAMIK KJÖRSVIÐ framhaldsnámskeið					9
MÓTUN A-hluti	11	11	11		
MÓTUN C-hluti	12	13	9		
TEIKNING A-hluti	14				
TEXTÍLL A-hluti	12				
ALMENN NÁMSKEIÐ	231	199	207	207	195
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	29	20	6	19	
ENDURMENNTUN	17				
BÖRN OG UNGT FÓLK	182	166	203	194	153
LEIKSKÓLASAMSTARF	31	39	97	199	64
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda		115	150		
Fjöldi nemenda milli ára	1713	1658	1636	1512	1061

STARFSFÓLK	2009	2010	
Rekstrarsvið:			
Skólastjóri	90%	77%	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Stjórnun - verkefnastjóri	18%	49%	Elsa D. Gísladóttir
Bókasafn	53%	66%	Guðrún Hannesdóttir - Herdis Tómasdóttir
Bókasafn / Myndabanki	0%	12%	Hildigunnur Birgisdóttir - Eygló Harðardóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Bókhald og fjármál	156%	152%	Herdis Ellen Gunnarsdóttir - Erla Hjördis Ólafsdóttir
Skrifstofa	220%	231%	Hafdis Helgadóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir - Björk Guðnadóttir
Ræstingar	97%	106%	Jóna S. Sigurðardóttir - Ástríður Magnúsdóttir - Ninalíba Ingun - Björk Guðnadóttir
Umsjónarmaður húss og tækja	89%	98%	Sigurjón Gunnarsson
Viðhald á húsnæði	33%	111%	Hilmar Guðjónsson - Indriði Arnar Ingólfsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	6%	8%	Sigtryggur Bjarni Baldvínsson - Kristinn Harðarson - Gerður Leifsdóttir
Barnadeild - deildarstjórn	66%	73%	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Barnadeild - byggingalist	84%	59%	Hildur Steinþórsdóttir
Keramíkeild - deildarstjórn & umsjón	107%	122%	Ólóf Erla Bjarnadóttir - Sigurlína Margrét Osuala
Myndlista- og hönnunardeild - deildarstjórn	66%	74%	Inga Þórey Jóhannsdóttir
Rekstrarsvið samtals	1085%	1238%	
Knowhow Verklag 2:			
Manager	15,00%	40%	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Manager - Financial	4,00%	12%	Guðrún Einarsdóttir
Research - teikning	15,00%	59%	Hildur Bjarnadóttir
Research - textill	15,00%	47%	Solveig Aðalsteinsdóttir
Administration - financial	4,00%	10%	Herdis Ellen Gunnarsdóttir - Erla Hjördis Ólafsdóttir
Administration - technical	6,00%	13%	Hafdis Helgadóttir
Knowhow Verklag 2 samtals	59,00%	181%	
Samtals starfsmenn	27	28	
Launþegar	75	55	<i>(84 með dagpeningum til nemenda v. Leonardo)</i>
Verktakar	98	133	<i>(þar af 27 v. Dyndilyndis)</i>
Samtals launþegar og verktakar	27	188	

Skýrsla stjórnar sjálfseignarstofnunar Myndlistaskólans fyrir árið 2010.

Í stjórn félags Myndlistaskólans sitja eftirtaldir:

Eygló Harðardóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Sigríður Erla Guðmundsdóttir, Þóra Sigurðardóttir, Guðbjörg Káradóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir. Engir formlegir fundir voru haldnir í félaginu fyrir utan vel sótt jólaboð sem haldið var kjölfar aðalfundar.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar sitja eftirtaldir aðilar:

Sólveig Aðalsteinsdóttir, formaður, Kristinn G. Harðarson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Guja Dögg Hauksdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir. Haldnir voru fjórir fundir þar sem stærstu mál ársins voru yfirfarin.

HÚSNÆÐI

Endurbætur á ytra bygði hússins:

Í kjölfar þess að húsfélag JL-hússins fékk löggiltan matsmann til að taka út nauðsynlegar endurbætur var leitað tilboða í fyrsta þátt verksins sem var að laga framhliðina. Um vorið ákvað húsfélagið að taka tilboði frá Bjargey ehf. upp á 16 milljónir sem fólst í að taka allan lausan múr í burtu, múra upp á nýtt, mála og þétta glugga. Þegar framkvæmdir voru hafnar kom í ljós að sumir gluggar voru svo illa farnir að ákveðið var að skipta út öllum gluggum og opnanlegum fögum á þriðju hæð og sex gluggum á fjórðu hæð í eystri hluta. Hækkaði því kostnaður við heildarframkvæmd allnokkuð og hlutur Myndlistaskólans enn meira því viðgerðir á gluggum og gler telst séreign. Næsti þáttur í endurbótum á húsinu munu lúta að endurbótum og viðgerð á þökum, múr og gluggum á bakhlið. Myndlistaskólinn átti 23.06% hlut í JL-húsinu fram að kaupum en eftir kaup á þriðju hæð á skólinn 42.28%.

Þrátt fyrir að allir aðilar húsfélagsins hafi samþykkt tilboð Bjargeyjar reyndist eigandi efstu tveggja hæðanna, Hraunás, ekki hafa neitt bolmagn til að greiða sinn hlut. Enduðu mál á þann veg að lögmönnum Thorsplani var falið að innheimta skuld Hraunáss í framkvæmdum og var mál dómtekið 10. desember. Skuld Hraunáss við húsfélagið var þá orðin kr. 11 milljónir vegna vangoldinna greiðslna til verktaka og í framkvæmdasjóð.

Endurbætur á ytra bygði, málavafstur og málaferli útheimtu talverða ófyrirséða vinnu og fundasetu af hendi skólastjóra og fjármálastjóra.

Kaup á þriðju hæð JL-hússins:

Þreifingar höfðu staðið í allangan tíma um kaup á 3. hæðinni af Íslenskum Aðalverktökum. Um vorið leigði Myndlistaskólinn hæðin og gerði um leið formlegt kautilboð upp á 66 milljónir. Kaupsamningur var undirritaður í byrjun september. Leitað var tilboða í lán hjá Landsbanka og Íslandsbanka og um leið lögð fram ítarleg gögn um fjármál skólans. Starfsemi skólans var kynnt starfsmönnum bankana með fundum og skoðunarferðum. Báðir bankar voru tilbúnir að lána skólanum en tilboð frá Íslandsbanka var hagstæðara og því tekið.

Við frágang á afsali þurfti að leita aðstoðar lögfræðings því Myndlistaskólinn og ÍAV voru ekki á eitt sátt um hver ætti að greiða kostnað við endurbætur sem höfðu farið fram áður en kaupsamningur var gerður. Samningar tókust þó að lokum og fór svo að IAV greiddi kostnað sem fallið hafði til fram að kaupsamningi, alls um 3,5 milljónir kr. Þann hluta þriðju hæðar sem mögulegt þótti að selja frá eigninni var settur á sölu hjá Eignamiðlun. Settar voru 29.8 milljónir á eignahlutann.

Leitað var til ASK arkitekta um tilboð í hönnun á þriðju hæð í takti við þarfir nýrra teikni- og textíleilda. Einnig var ákveðið að bæta við rými fyrir keramikleidd skólans og færa því stóru barnastofuna frammar og máladeild upp á þriðju hæð. Gunnar Einarsson var ráðinn byggingarstjóri verksins en hann sá einnig um endurbætur á framhlið. Einnig vann Hilmar Guðjónsson að smíði ýmissa innréttinga.



Hrafnkell Sigurðsson, Huginn Þór Arason, Kolbeinn Hugi Höskuldsson og Hildigunnur Birgisdóttir sem öll skiluðu inn tillögu að verki á framhlið JL - hússins.

Utanhúss listskreying á JL- húsið.

Í húsfélagi var samþykkt að leita eftir stuðningi frá Reykjavíkurborg til gera tillögur að listaverki á framhlið hússins um leið og það yrði málað. Skólastjóri sendi styrkbeiðni til borgarstjóra í júlí og var 500 þúsund kr. styrkur afgreiddur 10. ágúst. Samstarf var haft við Samband Íslenskra Myndlistamanna um framkvæmd á samkeppni um verk. Hluti af stjórn Myndlistaskólans valdi þrjá listamenn og sá Inga Þórey Jóhannsdóttir um samskipti við listamennina og gerð útboðsgagna. Listamennirnir voru Hrafnkell Sigurðsson, Hildigunnur Birgisdóttir og Huginn Þór Arason. Listamennirnir fengu hver um sig greidda kr. 150þ. fyrir tillögugerð og var þeim frjálst að vinna með öðrum að gerð tillagna. Verðlaunatillaga hlaut kr. 300þ. Dómnefnd var skipuð Ingólfi Arnarsyni fyrir hönd SÍM, Hugleiki Dagssyni fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Gunnari Boga Borgarsyni fyrir hönd húsfélags. Verðlaunatillögu átti Hildigunnur Birgisdóttir og Kolbeinn Hugi Höskuldsson en saman höfðu þau skilað inn tveimur tillögum. Ekki tókst að mála verkið á framhlið hússins um haustið eins og ráð hafði verið fyrir gert vegna kulda og votviðris. Heildarkostnaður við tillögugerð, vinningsfé, laun til dómnefndar, umsjón og útfærslu verks var kr. 1,8 milljón. Ráðgert er að setja nýtt verk á framhlið hússins á sjö ára fresti eða þegar þarf að mála húsið að nýju.



Vinningstillögu áttu Hildigunnur Birgisdóttir og Kolbeinn Hugi Höskuldsson.

KNOWHOW2



Fundur á vegum verkefnisins Knowhow 2 í Bergen í febrúar.

Mikil vinna fór fram í tengslum við verkefnið Knowhow2 á árinu 2010. Verkefnastjórar með Teikni- og Textílnámi, þær Sólveig Aðalsteinsdóttir og Hildur Bjarnadóttir unnu að þarfagreiningu og sendu út spurningarlista til 113 fyrirtækja og fengu svör frá 76. Einnig tóku þær ítarleg viðtöl við 16 einstaklinga. Í framhaldi funduðu þær náði með afmörkuðum hópi listamanna og hönnuða og lögðu drög að námskrá sem kynnt var samstarfsaðilum á sérstökum fundum í Skotlandi og Danmörku.

Verkefnastjóri, Ingibjörg Jóhannsdóttir vann að gerð almennrar lýsingar á því hvaða kröfur væri eðlilegt að gera við námslok nemenda eftir tveggja ára nám í teikni- og textíleild. Byggti sú vinna á námskrám samstarfsskólanna, evrópska viðmiðarammanum, viðmiðaramma um nám á Íslandi og erlendum námskrám. Skaraðist sú vinna við 2 önnur verkefni; annars vegar vinnu hóps sem hafði með endurskoðun á sjónlistanámi á framhaldsskólastigi að gera í kjölfar nýrra menntalaga. Í þeim hópi sátu Ingólfur Arnarson fyrir hönd Myndlistaskólans, Stefán Jónsson fyrir hönd Fjölbrotar í Garðabæ og Hildigunnur Sverrisdóttir fyrir hönd Listaháskólans. Skólastjóri sat nokkra fundi með hópnum og vann að gerð lærdómsviðmiða með Stefáni Jónssyni. Hins vegar var það vinnuhópur sem ráðuneytið hafði óskað eftir að skólastjóri sæti í sem vann að gerð almennari en viðmiða fyrir listir. Í hópnum sátu fulltrúar ýmissa listgreina og voru lýsingar þessar því almennari en þær sem unnin höfðu verið í fyrrgreinda hópnum.

Á fundi Knowhow2 verkefnisins í Bergen í Noregi í febrúar voru kynntar þarfagreiningar allra skólanna sem þátt tóku í verkefninu og höfðu niðurstöður áhrif á hvernig hið nýja nám var þróað. Á fundinum í Bergen var einnig kynntur sá rammi sem lýsti hvaða kröfur væri rétt að miða við þegar nemendur lykju tveggja ára námi úr nýju deildunum. Þar með var hægt að tryggja að nemendur sem lykju námi með fullnægjandi árangri úr nýja náminu gætu haldið áfram og lokið BA gráðu með viðbótarári í samstarfsskólunum.

Sérstakir fundir voru svo haldnir í maí í Skotlandi þar sem drög að námskrá í textíl var kynnt. Einnig var tækifærið nýtt og ýmsar verksmiðjur og fyrirtæki skoðuð. Í sömu ferð voru listaháskólarnir í Glasgow og Edinborg heimsóttir og fundað með forráðamönnum þar. Á þessum fundum kom í ljós að þó þessir skólar hafi ekki tekið formlega þátt í verkefninu þá er þar mikill vilji til að meta nemendur inn á þriðja ár í ákveðnum deildum.

Fundur var haldin í Danmörku í júní til að kynna drög að námsskrá í teiknináminu og var sá fundur haldinn í Animation Workshop í Viborg. Skólinn hafði sóst eftir samstarfi við þennan skóla í aðdraganda Knowhow styrkumsóknar en ekki gengið sem skyldi. Til að efla samstarf var ráðgert að koma á kennaraskiptum sem gengu eftir á haustmíssi þegar Iben Lindeberg kom og kenndi módelteikningu í eina viku. Í þessari ferð til Danmerkur var einnig skoðaður Listaháskólinn í Kolding og fundaði með deildarstjóra myndskreytinámsins.

Þó drög að námsskrá fyrir Teikningu og Textíl hafi verið tilbúna var ekki endanlega ljóst að skólinn gæti boðið fram nýtt nám fyrr en í byrjun apríl. Mikill vilji var til þess hjá Menntamálaráðherra en litlir fjármunir lausir til nýrra verkefna. Á endanum fór svo að ráðuneytið veitti Tækniskólanum og Myndlistaskólanum leyfi til að fara af stað með því skilyrði að einungis yrði tekið inn í námið annað hvert ár. Fjármagn vegna nýs náms var veitt í gegnum Tækniskólann eins og hafði verið gert með Mótunarnámið. Nýja námið er á sama stigi og margs konar nám sem þegar er boðið upp á í Tækniskólanum og því fer vel á samstarfinu vegna Teikningar og Textíls. Myndlistaskólinn hefði kosið að í það minnsta hluti fjármagnsins kæmi beint til skólans en samstarf við Tækniskólann hefur gengið vel og gott að byggja áfram upp nám á fagháskólastigi í samstarfi við stærsta framhaldsskóla landsins.


Þegar nýja námið var loks í höfn var það kynnt formlega á opnu húsi 17. og 18. apríl og var menntamálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur afhent drög að námsskrá á lokasýningu nemenda í Mótun sem haldin var í Kraumi í maí. Námið var einnig kynnt námsráðgjöfum í framhaldsskólum í Reykjavík og á Akureyri. Einnig kynnti Þóra Sigurðardóttir námið í Færeyjum. Alls sóttu 86 um nám í nýju deildunum í maílok og var 26 umsækjendum boðin skólavist.



Þóra Sigurðardóttir skólastjóri hönnunar og handverksskóla Tækniskólans og Ingibjörg Jóhannsdóttir afhentu Mennta og menningarmálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur og aðstoðarmanni hennar, Berglinni Rós Magnúsdóttur drög að námsskrám Teikni- og Textíleilda.

Í ljós kom, eftir að ráðuneytið hafði gefið formlegt leyfi, að einnig þyrfti stuðning tveggja starfsgreinaráða svo námið yrði samþykkt lánshæft hjá Lánasjóði Íslenskra Námsmanna. Slíkt hafði ekki þurft í tilviki Mótunarnámsins. Ræða þurfti við starfsgreinaráð Handverks og hönnunar og upplýsinga og fjölmiðlagreina og senda inn ýmis konar gögn. Bæði starfsgreinaráðin þekktu nokkuð til mála því þau höfðu bæði skrifað stuðningsbréf þegar skólinn sóttu um styrk til starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins til að þróa námið. Allt þetta ferli reyndist tímafrekt og samþykki Lánasjóðs lá ekki fyrir fyrr en í ágústbyrjun. Ekki mátti tæpara standa því nýir nemendur hófu nám í ágústlok.

MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ



Verk úr þrívíðri formfræði þar sem nemendur vinna að persónulegum verkefnum.

Í lok október kom í ljós að Tækniskólinn gæti ekki endurnýjað samning við skólann um framlag vegna 10 nemendur í undirbúningsnáminu en samningurinn rann út í lok skólaársins 2011. Á síðustu þremur árum hafði fjármagn vegna 20 nemendaígilda komið í gegnum Menntamálaráðuneytið og samningur gerður við Tækniskólann um 10 nemendaígildi og samstarf í tengslum við kennslu listasögu og hönnunarsögu. Við þessi tíðindi var skyndilega óljóst hver yrði framtíð undirbúningsnámsins. Rekstur fornámsins hafði gengið brösuglega þar til fyrrgreindir samningar náðust við ráðuneyti og í framhaldi samningur við Tækniskólann árið 2008. Í raun virtist eina leiðin til sparnaðar vera að fækka nemendum um helming, niður í 15 nemendur en það taldi stjórn að hefði afar slæm áhrif á gæði listnáms á háskólastigi. Því var leitað eftir sjónarmiðum deildarstjóra myndlistar og hönnunar í Listaháskóli Íslands og sendu þeir skólanum mikilvæga stuðningsyfirlýsingu sem skólastjóri afhenti Menntamálaráðherra á fundi í byrjun nóvember. Niðurstaða þess fundar var að úrlausna yrði leitað. Ekki voru fjárheimildir til innan ráðuneytis á þessum tímapunkti en vil yrði gefið fyrir því að ef ráðuneytið fengi auknar fjárheimildir á fjárukalögum yrði skólanum tryggt framlag til reksturs undirbúningsnámsins. Á fundi með ráðherra var einnig afráðið að skólastjóri færi á fund fjárlaganefndar til að kynna málið þar sérstaklega sem var gert 15. nóvember. Niðurstaða málsins kom ekki fram fyrr en um áramót 2010 /2011 þegar ljóst var að fjárlaganefnd hafði samþykkt að veita skólanum beint 8 milljón króna framlag sem tryggði að hægt yrði að bjóða sama fjölda nemenda skólavist haustið 2011 og áður hafði verið hægt með fyrrgreindum samningi við Tækniskólann.

ALMENN NÁMSKEIÐ



Ungt fólk til athafna, námskeið í silkíprykki á tau í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Ungt fólk til athafna

Elsa Dórothea Gísladóttir hafði veg og vanda að skipulagningu náms fyrir ungt atvinnulaust fólk. Alls tóku um 50 nemendur þátt í þrenns slags námskeiðum; textílnámskeiði, keramiknámskeiði og námskeiði þar sem áhersla var lögð á teikningu og nýja miðla. Námskeiðin voru hvert um sig 130 kennslustundir. Kennt var á vorönn og haustönn.

Gróðurhús Hugmyndana

Eygló Harðardóttir, Hildur Steinþórsdóttir og Hildigunnur Birgisdóttir kenndu á haustmisseri nýtt námskeið, Gróðurhús hugmyndana, en það byggði á verkefnum sem þær höfðu lagt fyrir á sumarnámskeiði fyrir ungt fólk og var um byggingarlist og myndlist.

Tilraunastofa fyrir hreyfihamlaða

Að undirlagi Eddu Heiðrúnar Backman var ákveðið að bjóða upp á nýtt nám við Myndlistaskólann sem var sérstaklega ætlað þeim sem áttu erfitt með að nota hendurnar við listsköpun. Edda þótti mikill ávinningur fyrir nemendur að koma inn í listaskóla þar sem unnið væri á annan hátt en innan heilbrigðiskerfisins og andrúmsloftið annað. Sigprúður Loftsdóttir, sjúkraþjálfari á Landspítalanum gaf góð ráð um hvað þyrfti að bæta í aðstöðu innan skólans. Leitað var til Margrétar H. Blöndal sem hefur mikla reynslu af kennslu nemendum á öllum skólastigum og með margs konar getu og sérstöðu. Til að ýta náminu úr vör var einnig haft samband við Ingólf Arnarson en saman hittust þau og undirbyggðu kennsluna. Fjórir nemendur hófu nám haustið 2010.

Samstarf við Fjölmennt

Á haustmisseri voru fjórir hópar í samstarfsverkefni skólans og fræðslumiðstöðvar Fjölmenntar. Síðastliðna tvo vetur hefur Myndlistaskólinn boðið heilsvetrar nám í myndlist fyrir fatlað fólk og er markmið námsins að þátttakendur kynnist helstu aðferðum í hugmyndavinnu og útfærslu í myndlist og þeir finni eigin styrk og listræna sérstöðu. Í framhaldi hafa nemendur getað skráð sig í svokallaða vinnustofu sem er hugsuð sem framhald þess náms. Í Vinnustofunni er í upphafi vetrar kannað hvað hver einstaklingur hefði áhuga á að gera og með tilliti til þess og fyrri vinnu og verka stingur leiðbeinandinn upp á plani fyrir hann að vinna eftir. Leiðbeinandinn fylgdist síðan með vinnunni, aðstoðaði eftir þörfum, bendir á það sem betur má fara og mögulegar úrvinnsluleiðir. Hann fylgdist með framvindu nemandans og hjálpar honum að teygja út ramma sinn og fjölga möguleikum sínum. Það er þó nemandinn sem ræður ferðinni allan tímann.



Gróðurhús hugmyndanna - kennarar: Eygló Harðardóttir, Hildigunnur Birgisdóttir og Hildtu Steinþórsdóttir.

Kennarar í námskeiðahluta skólans á vormisseri voru:

Anja Kislich, Þorvaldur Þorsteinsson, Brian Pilkinton, Kristín Gunnarsdóttir, Kristín Hauksdóttir, Anna Hallin, Guðný Magnúsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Bjarni Hinriksson, Búi Kristjánsson, Brooks Walker, Erla Stefánsdóttir, Vigfús Birgisson, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Margrét H. Blöndal, Hlíf Ásgrímsdóttir, Karl Jóhann Jónsson, Birgir Snæbjörn Birgisson, Katrín Briem, Magnús Valur Pálsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Þorri Hringsson.

Kennarar á haustmisseri voru:

Eygló Harðardóttir, Birgir Snæbjörn Birgisson, Karl Jóhann Jónsson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Elsa D. Gísladóttir, Einar Garibaldi Eiríksson, Erla Stefánsdóttir, Vigfús Birgisson, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Magnúsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Hildur Steinþórsdóttir. Eygló Harðardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Katrín Briem, Kristín Reynisdóttir, Magnús Valur Pálsson, Sigtryggur B. Baldvinsson, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Þorri Hringsson og Þóra Sigurðardóttir.

Kennarar í hópum frá Fjölmennt voru:

Kristinn G. Harðarson, Gerður Leifsdóttir, JBK Ransú og Brynhildur Þorgeirsdóttir.

Kennarar í Ungt fólk til athafna á vegum Vinnumálastofunnar voru: Sara María Skúladóttir, Sara Riel, Magnús Leifsson, Guðný Magnúsdóttir, Ragnheiður Ágústsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, JBK Ransú, Haraldur Jónsson, Sigurður Guðjónsson og Ingólfur Arnarson



Frá vinnu blindra og sjónskertra barna í Myndlistaskólanum. Kennarar: Brynhildur Þorgeirsdóttir og Elsa Dórothea Gísladóttir.

Sýningar - fundir - viðurkenningar

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson setti saman sýningu á verkum fjögurra nemenda sem höfðu um langt skeið tekið þátt í frjálstri málu. Sýningin var haldin á bókasafninu á Seltjarnarnesi í maí. Sigtryggur og Hafdís útbjuggu litla sýningarskrá í tilefni sýningarinnar. Nemendurnir sem áttu verk á sýningunni auk Sigtryggs voru: Jón Grétar Ingvason, Jórunn Kristinsdóttir, Georg Douglas og Edda Guðmundsdóttir.

Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson stóðu fyrir sýningu framhaldsnemenda í ljósmyndun að Laugavegi 6 í júníbyrjun. Sýndar voru svart/hvítar ljósmyndir sem unnar höfðu verið með filmutækni.

Fundað var með Þóri Ólafssyni og Ólafi Sigurðssyni frá Menntamálaráðuneyti þann 22. september í Myndlistaskólanum. Markmið fundarins var að halda vakandi umræðum um hvernig mætti auðvelda nemendum í framhaldsskólum að taka einingar í Myndlistaskólanum sem hluta af sínu námi. Eins og staðan er meta allflestir skólar námið í Myndlistaskólanum sem hluta af frjálsum vali en nemendur þurfa sjálfir að kosta námið að mestu.

Mikið starf var unnið í myndasafni skólans á árinu. Herdís Tómasdóttir gerði tillögu að flokkunarkerfi. Ína Salóme, Hildigunnur Birgisdóttir og Eygló Harðardóttir fóru í gegnum myndabanka skólans. Alls kostaði verkið um 700.000 kr.. Með góðum myndabanka opnast leið fyrir kennara að rannsaka og leita í gömlu myndefni en elstu myndir eru skannaðar ljósmyndir frá upphafi skólustarfs árið 1947. Stærstu hluti myndefnis er hins vegar frá síðustu 10 árum.

Ný heimsíða var tekin í notkun 14. ágúst. Síðuna hannaði Eggert Ragnarson en Hafdís Helgadóttir sá um að setja inn efni og stýra verkinu. Emstrur sáu um uppsetningu. Skipulag nýja vefsins er nú sniðið með skýrari hætti að uppbyggingu skólans eins og hann hefur þróast á síðustu árum með tilkomu nýrra deilda á háskólastigi.

Skólinn hlaut á árinu tvenns konar viðurkenningu frá starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins, Leonardo. Annars vegar verðlaun fyrir fyrirmyndaverkefni vegna námsferða í Mótun. Hins vegar var skólinn fyrstur stofnanna til að fá svokallaða vottun á mannaskiptaverkefnum sínum sem þýðir í raun vilýrði fyrir styrkveitingum til námsferða næstu fjögur árin. Vottunin er veitt á grundvelli mjög góðra verkefna og vandaðrar framkvæmdar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir skipulagði skyndihjálparnámskeið í febrúar 2011. Alls tóku 28 kennarar og starfsfólk þátt í námskeiðinu sem Rauði Krossinn skipulagði.

Þann 28. október heimsóttu nemendur frá Kennaraháskóla Íslands ásamt kennara sínum, Kristínu Ísleifsdóttur skólann.

Skólastjóri tók þátt í fundi Arts4All í Dortmund en það eru Evrópsk samtök listaskóla fyrir börn og ungt fólk. Á fundinum var rætt mikilvægi þess að safna saman upplýsingum í sem flestum löndunum um listnám sem er fyrir utan hið eiginlega skólakerfi. Nemendur frá Myndlistaskólanum höfðu sent inn verk og tóku þar með þátt í listahátíð ungs fólks, See-you festival sem opnuð var í Dortmund á sama tíma. Í framhaldi af fundinum í Dortmund var barnadeildinni boðin þátttaka í listahátíð í Tallin; Eksperimenta 2011.



Brúðuleikhús í anda Paul Klee. Nemendur frá Fjölmenn. Kennarar: Gerður Leisdóttir, Björk Guðnadóttir og Kristinn G. Harðarson

Til umræðu var að deildarstjórar gengju í Kennarasamband Íslands. Til að kanna hvort miklu munaði á kjörum deildarstjóra Myndlistaskólans og þeim sem voru innan Kennarasambandsins voru kjör eins deildarstjóra skólans skoðuð. Funduðu deildarstjórar annars vegar og fjármálastjóri og skólastjóri hins vegar með Aðalheiði Steingrímsdóttur formanni félags framhaldsskóla. Ekki reyndist muna miklu á kjörum en einkum munaði um endurmenntunardaga sem félagsmenn Kennarasambandsins hafa og mun hærra framlag vinnuveitenda í launatengdum gjöldum. Ekki reyndist hægt að ganga í félagið öðruvísi en að skólinn skrifaði undir bindandi samning við Kennarasambandið. Skólastjóra og fjármálastjóra þótti sá möguleiki illfær þar sem samningar skólans eru margvíslegir og ekki árennilegt að semja með þessum hætti við hluta starfsfólks.

Menningarmálaráðherra Færeyja, Helena Dam heimsótti skólann föstudaginn 4. júní ásamt starfsfólki Menntamálaráðneytis. Deildarstjórar Inga Þórey Jóhannsdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir og Elsa Dórothea Gísladóttir tóku á móti Helenu og leystu hana út með góðum kveðjum og bókagjöf.

Fjármál

Nokkur halli varð á rekstri skólans og helgast hann aðallega af framkvæmdum tengdum húsnæði, bæði að innan og utan. Rekstur allra deilda var í ágætu jafnvægi fyrir utan barnadeild sem var rekin með rúmlega 5 milljón króna tapi. Niðurskurður til barnadeildarinnar hefur verið 20 – 45% frá árinu 2008 og fer prósentutalan eftir því hvort reiknað er með vísitöluhækkun og vilyrði um styrki til að mæta fasteignaskatti.

Niðurskurður á framlögum Reykjavíkurborgar til Myndlistaskólans frá árinu 2008 - 2011

Árið 2008

Framlög og styrkir skv. samningum við Reykjavíkurborg 2008					Raunframlag og styrkir 2008							
Menntasvið framlag*	Menntasvið Listbúðir styrkur	Leikskólasvið styrkur	Styrkur vegna fasteignagjalda**	Samtals frá Rvík.borg	Menntasvið framlag	Menntasvið Listbúðir styrkur	Leikskólasvið styrkur	Styrkur vegna fasteignagjalda	Samtals framlag 2008	Samtals kr. niðurskurður 2008	Samtals % niðurskurður 2008	
13.764.707	3.500.000	3.500.000	1.918.060	22.682.767	13.764.707	3.500.000	3.500.000	0	20.764.707	-1.918.060	8,46%	

*upplært skv. vísitöluhækkun á hverju ári

**skv. vilyrði Msviðs

Árið 2009

Framlög og styrkir miðað við óbreytta samninga frá 2008					Framlög og styrkir eftir niðurskurð							
Menntasvið framlag* án skerðingar*	Menntasvið Listbúðir styrkur án skerðingar	Leikskólasvið styrkur án skerðingar	Styrkur vegna fasteignagjalda	Samtals frá Rvíkborg án skerðingar	Menntasvið framlag eftir niðurskurð	Menntasvið Listbúðir styrkur eftir niðurskurð	Leikskólasvið styrkur eftir niðurskurð	Styrkur vegna fasteignagjalda	Samtals framlag 2009 eftir niðurskurð	Samtals kr. niðurskurður 2009	Samtals % niðurskurður 2009	
16.307.231	3.500.000	3.500.000	1.918.060	25.225.291	14.355.744	3.100.000	2.000.000	0	19.455.744	-5.769.547	22,87%	

*upplært skv. vísitöluhækkun á hverju ári

Árið 2010

Framlög og styrkir miðað við óbreytta samninga frá 2008					Framlög og styrkir eftir niðurskurð							
Menntasvið framlag* án skerðingar*	Menntasvið Listbúðir styrkur án skerðingar	Leikskólasvið styrkur án skerðingar	Styrkur vegna fasteignagjalda	Samtals frá Rvíkborg án skerðingar	Menntasvið framlag eftir niðurskurð	Menntasvið Listbúðir styrkur eftir niðurskurð	Leikskólasvið styrkur eftir niðurskurð	Styrkur vegna fasteignagjalda	Samtals framlag 2010 eftir niðurskurð	Samtals kr. niðurskurður 2010	Samtals % niðurskurður 2010	
17.378.794	3.500.000	3.500.000	1.778.948	26.157.742	12.532.000	0	2.000.000	0	14.532.000	-11.625.742	44,44%	

*upplært skv. vísitöluhækkun á hverju ári

Tillaga Menntasviðs 2010

Árið 2011

Framlög og styrkir miðað við óbreytta samninga frá 2008					Framlög og styrkir eftir niðurskurð							
Menntasvið framlag* án skerðingar*	Menntasvið Listbúðir styrkur án skerðingar	Leikskólasvið styrkur án skerðingar	Styrkur vegna fasteignagjalda (áætlað = 2010)	Samtals frá Rvíkborg án skerðingar	Menntasvið framlag eftir niðurskurð	Menntasvið Listbúðir styrkur eftir niðurskurð	Leikskólasvið styrkur eftir niðurskurð	Styrkur vegna fasteignagjalda	Samtals framlag 2011 eftir niðurskurð	Samtals kr. niðurskurður 2011	Samtals % niðurskurður 2011	
17.860.997	3.500.000	3.500.000	1.778.948	26.639.945	12.532.000	0	2.000.000	0	14.532.000	-12.107.945	45,45%	

*upplært skv. vísitöluhækkun á hverju ári

Miðað við óbreytta tillögu Menntasviðs frá 2010

Niðurskurði Reykjavíkurborgar til barnadeildar var harðlega mótmælt. Erindi var sent til borgarstjóra 27. september og óskað eftir fundi. Leitað var til lögræðings vegna þess að skólinn vill meina að fasteignaskattar hafi verið ofgreiddir og var formlegt bréf sent til borgarlögmans í árslok. Ljóst þykir að skólinn hefur sætt meiri niðurskurði en tónlistarskólarnir. Einnig að styrkir vegna fasteignaskatta hafi verið minni en til bæði ípróttafélaga og tónlistarskóla. Í erindi til borgarstjóra er kallað eftir stefnu Reykjavíkurborgar í list- og tólmstundanámi fyrir börn og ungt fólk. Einnig var borgarstjóra boðið að heimsækja skólann við fyrstu hentugleika.

HOFFMANNSGALLERÍ

Frá árinu 2005 hefur Kristinn G. Harðarson verið umsjónarmaður með sýningum í Hoffmannsgallerí. Frá árinu 2007 hefur Sólveig Aðalsteinsdóttir unnið með Kristni. Haldnar voru tvær sýningar í Hoffmannsgallerí þetta árið:

Dalir og hólar 2010 - ferðateikningar

Sýnt var úrval verka frá samnefndri sýningu sem haldin var á ýmsum stöðum í Dalasýslu og Reykhólahreppi þá um sumarið. Sýningin opnaði 1. október 2010. Á sýningunni áttu eftirtaldir listamenn verk:

Anna Guðjónsdóttir

Anne Thorseth

Dagbjört Drífa Thorlacius

Helgi Þorgils Friðjónsson

Kristinn G. Harðarson

Kristín Rúnarsdóttir

Þorri Hringsson



Verk Dagbjartar Drífu Thorlacius frá sýningunni Dalir og hólar af ungum bændum í Dalasýslu.

Vinnustofa 2009-2010

Á sýningunni voru verk eftir sjö listamenn sem höfðu unnið í nokkurs konar vinnustofu í Myndlistaskólanum um veturinn og var sýningin hluti af hátíðinni List án landamæra. Sýning var opnuð 7. Maí og var hluti af listhátíðinni List án landamæra. Eftirtaldir listamenn áttu verk á sýningunni:

Ásgeir Ísak Kristjánsson

Elín S.M. Ólafsdóttir

Gréta Guðbjörg Zimsen

Guðmundur Stefán Guðmundsson

Halldóra Jónsdóttir

Ingi Hrafn Stefánsson

Ragnar Már Ottóson

BÓKASAFN

Á árinu 2010 störfuðu bókasafnsfræðingar við Bókasafn Myndlistaskólans í Reykjavík fimm daga vikunnar, alla morgna og þrjú daga til kl. 14:00. Eftir það var safnið opið án viðveru sérstaks starfsmanns þar til skólanum var lokað á kvöldin.

Tveir bókasafnsfræðingar skiptu með sér störfum í safninu, Guðrún Hannesdóttir og Herdís Tómasdóttir. Guðrún fékk leyfi frá störfum í 3 mánuði, maí, júní og júlí og tók Herdís að sér hennar hluta vinnunnar á þeim tíma.

Notkun á bókasafninu hefur aukist jafnt og þétt bæði útlán og not á staðnum. Veldur því bæði aukið aðgengi að ritum og fjölgun nemenda í skólanum.

Skráning safnefnisins í Gegni, Landskerfi bókasafna hefur haft í för með sér að fólk utan skólans hefur sótt í auknu mæli í safnkostinn, komið, skoðað og ljósritað, en það hefur þó ekki truflað notkun heimafólks á safninu. Efnið er ekki lánað út fyrir stofnunina.

Útlán árið 2010 voru tæplega 1000. Það eru eingöngu skráð útlán og má ætla að þetta sé hluti af rauntölum, þar sem útlánakerfið í Gegni hefur ekki verið tekið í notkun og nokkuð er um að útlán eru ekki skráð á þartilgerða miða.

Safnkosturinn jókst um nær 300 bækur aðallega efni um myndlist. Af því voru rúmlega 200 keyptar, en 73 gjafabækur frá velunnurum safnsins, kennurum og gömlum nemendum. Gerðir voru aðfangalistar yfir nýjar bækur og er það nýmæli. Alls eru fjögur þúsund og þrjú hundruð (4.300) rit í eigu safnsins skráð í Gegni. Tímarit eru töluvert skoðuð og notuð, 12 tímarit eru í áskrift.



Snæfoksstaðir, Staðaskáli, verk Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur á Gallerí vegg.

Sýningarveggur bókasafnsins: Gallerí veggur hefur blómstrað eins og fyrr undir stjórnínu Salóme og þar sýndu á árinu 2010 Ingibjörg Jóhannsdóttir og Inga Þórey Jóhannsdóttir.

BARNA- OG UNGLINGAÐEILD

Deildarstjóri barna- og unglingsdeildar 2010 var Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Kennarar barnadeildar 2010 voru:

Anna Hallin, Ástríður Magnúsdóttir, Bjarni Kristjánsson, Björk Guðnadóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Elsa Dórothea Gísladóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Magnúsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, JBK Ransú, Katrín Briem, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Kristín Reynisdóttir, Ólöf Björnsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Þórey Mjallhvít Heiðar og Ómarsdóttir, og Þorbjörg Þorvaldsdóttir. Alls komu því 21 kennari að kennslu í barnadeildinni.

NÁMSKEIÐ



10-12 ára - Handverk og hönnun- Kennari: Björk Guðnadóttir



Myndlist 6-9 ára - Kennari: Björk Guðnadóttir

Eins og áður var kennt í aldurshópunum 3-5 ára, 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. Boðið var upp á tvö námskeið fyrir 8-11 ára; Leirrennsla og mótun og Arkitektúr.

Áfram var boðið upp á sérhæfð námskeið fyrir eldri hópa (10-12 ára og 13-16 ára) og almenn myndlistarnámskeið fyrir yngri (3-5 ára og 6-9 ára). Fyrir 10-12 ára var boðið upp á: Teikning - málun, Myndasögur+, Hreyfimyndagerð, Leir og skúlpúr og Myndlist, handverk, hönnun (haust 2010).

Fyrir unglinga, 13-16 ára, var boðið upp á: Teikning og málun, Leirmótun og rennsla og Myndasögur, myndskreyting og bókagerð.

Eitt námskeið var fyrir blind og sjónskert börn á vorönn. Sjö vikna námskeið sem Brynhildur Þorgeirsdóttir og Elsa Dórothea Gísladóttir kenndu.



6 - 12 ára - Myndlist fyrir sjónskert börn
Kennarar: Brynhildur Þorgeirsdóttir og Elsa Dórothea Gísladóttir



Myndlist 6-9 ára
Kennari: Ína Salóme Hallgrímsdóttir

HRINGBRAUT - KORPÚLFSSTAÐIR

Kennt var bæði á Hringbraut og á Korpúlfsstöðum. Um kennsluna á Korpúlfsstöðum sá að vanda Brynhildur Þorgeirsdóttir auk þess sem farið var af stað með unglingahóp sem Kristín Reynisdóttir kenndi. Það hefur gengið illa að koma unglingahópi af stað í Grafarvoginum og hópurinn í vetur var helst til fámennur.

LEIGUBÍLAFYLGD

Boðið var upp á leigubílafylgd í Vesturbæ í samstarfi við frístundaheimilin, eins og undanfarna vetur. Börn úr Vesturbæjarskóla og Melaskóla komu með leigubílum, en engin frá Grandaskóla (á við um haust 2010).

LEIKSKÓLASAMSTARF



Myndlist 3-5 ára - Kennarar: Elsa Dóróthea Gísladóttir og Hildigunnur Birgisdóttir.

Samstarfið við Leikskóla Reykjavíkur hélt áfram og var styrkur frá borginni til þessa starfs óbreyttur frá fyrra ári. Þrennan sem felst í eftirfylgd í formi heimsókna kennara Myndlistaskólans í leikskólanna er því áfram í hvíld. Mælst var til þess að nýjum skólum yrði boðin þátttaka í verkefninu og að í framtíðinni væri samstarfið við hvern leikskóla til eins árs. Með þeim hætti fá fleiri skólar að njóta. Auglýst var eftir umsóknum um vorið og voru tveir nýir skólar valdir úr hópi umsækjenda; Drafnarborg og Fálkaborg. Drafnarborg er í göngufæri við Myndlistaskólann en Fálkaborg uppi í Breiðholti og komu börn og kennarar með strætó. Heimsókn þessara nemenda í Myndlistaskólann var því nánast heilsdagsverkefni. Starfið sem snýr að börnunum var með óbreyttu sniði frá vetrinum áður, hver hópur kom í 6 skipti og komu fjórir sjö barna hópar frá hvorum leikskóla. Sú breyting var gerð á starfinu með kjölfestuskólunum að bætt var við endurmenntunarnámskeiði fyrir starfsfólk leikskólanna. Allir starfsmenn leikskólanna koma heilan starfsdag á námskeið í Myndlistaskólanum (þessi hluti fór fram á vori 2011).

Kennarar Myndlistaskólans í leikskólastarfinu voru:
Elsa Dóróthea Gísladóttir og Hildigunnur Birgisdóttir.

DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ

Dymbilvikunámskeið hafa fest sig í sessi og eru orðin fastur liður hjá sumum sem ekki hafa tíma til að vera á námskeiði í Myndlistaskólanum allan veturinn. Þessi þriggja daga námskeið bjóða upp á aðra möguleika en vetrarnámskeiðin þar sem nemendur geta lagt undir sig ákveðin rými skólans, gengið út í lok dags og komið að öllu óbreyttu næsta morgun. Að þessu sinni var námskeiðið **RISASKÚLPTÚRAR OG VATNSBRAUTIR** í umsjá Hildigunnar Birgisdóttur og Kolbeins Huga Höskuldssonar.

SUMARNÁMSKEIÐ



6-9 ára - Kofar - skýli - býli - skjól - Kennarar: Guðrún H. Ragnarsdóttir, Ástríður Magnúsdóttir og aðstoðarmaður Hildur Steinþórsdóttir.



6-9 ára - Plánetur eldfjöll og ormagöng - Kennari: Hildigunnur Birgisdóttir.

Sumarnámskeið voru með hefðbundnu sniði, vikulöng námskeið hálfan dag í senn fyrir aldurshópa 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. Námskeið sumarsins voru **PLÁHNETUR, ELDFJÖLL OG ORMAGÖNG** og **KOFAR – BÝLI – SKÝLI** fyrir yngri hópana og **TEIKNING** fyrir unglíngana.

SÝNINGAR OG ÖNNUR VERKEFNI UTAN HEFÐBUNDINS VETRATSTARFS. LISTBÚÐIR Í MYNDLISTASKÓLA – DYNDILYNDI



Dyndilyndi - Verði gjafa gagnstreymi - Listviðburður í Listasafni Íslands á Barnamenningarhátíð 2010 - Kennari: Margrét H. Blöndal og Hildigunnur Birgisdóttir.

Ekki fékkst styrkur frá borginni til að halda áfram Listbúðunum - ein af neikvæðum afleiðingum hrunsins! Aftur á móti fékkst styrkur fyrir öðru verkefni sem spratt upp úr síðustu listbúðum **HIMINN, JÖRÐ OG BYGGÐIN Á MILLI** sem varð að listviðburðinum DYNDILYNDI – VERÐI GJAFU GAGNSTREYMI í Listasafni Íslands, - framlagi Myndlistaskólans til Barnamenningarhátíðar 2010. DYNDILYNDI er hugarfóstur Margrétar H. Blöndal en Elsa Dórothea Gísladóttir sá um verkefnastjórn. DYNDILYNDI spratt upp úr Listbúðunum á þann hátt að Margrét bauð hópi listamanna að skoða afrakstur listbúðanna í Myndlistaskólanum. Þar gátu listmennirnir skoðað verk barnanna, í þeirri von að þau yrðu þeim innblástur og uppspretta nýrra verka. Úr varð sýning í Listasafni Íslands og stór listviðburður þar sem boðið var upp á leiksýningar og tónleika. Þessir listamenn tóku þátt í sýningunni: Tinna Gunnarsdóttir vöruböndur, Huginn Þór Arason myndlistarmaður, Kristín Ómarsdóttir rithöfundur, Magga Stína tónsmiður, Harpa Arnardóttir leikkona, Mundi athafnamaður, Borghildur Ína Sölvadóttir grafískur hönnuður, Kristinn G. Harðarson myndlistarmaður, Megas tónlistar- og textaverkamaður, Margrét Bjarnadóttir danshöfundur, Hilmar Örn Hilmarsson tónverkamaður, Rikke Houd hljóðheimildahömuður, Rán Flygenring grafískur hönnuður, Elísabet Indra Ragnarsdóttir dagskrárgerðarkona, Sara María Skúladóttir klæðskeri, Hildigunnur Birgisdóttir myndlistarkona, Theresa Himmer arkitekt og hönnuður og Kristján Eggertsson arkitekt. Einnig var tvö hundruð börnum úr nágrennsveitafélögnum boðið að taka þátt í orlistbúðum í hálfan dag. Þar veltu þau fyrir sér verkum listamanna og notuðu hugmyndir og kveikjur sem þar urðu til í sameiginlega innsetningu sem óx dag frá degi á meðan sýningunni stóð. Þetta varð því nokkurs konar hringferð þar sem óskín – VERÐI GJAFU GAGNSTREYMI – var höfð að leiðarljósi. Börn kveikja hugmyndir hjá fullorðunum, listamennirnir kveikja svo aftur nýjar hugmyndir hjá börnunum, og þannig koll af kalli. Boðið var upp á listsmiðjur fyrir börn og foreldra, námskeið fyrir kennara auk þess sem efnt var til málþings um byggingarlist sem kveikju í list- og verkgreinum. (sjá www.dyndilyndi.is)

KIRKJULISTAHÁTÍÐ 2010



Hallgrímskirkja - kirkjan, turninn og kennileitið, listasmiðja á Kirkjulistahátíð.

Stjórnendur Kirkjulistahátíðar settu sig í samband við barnadeild skólans og föluðust eftir samstarfi. Úr varð að skólinn stóð fyrir líflli listasmiðju í Hallgrímskirkju á skírdag. Yfirskrift hennar var HALLGRÍMSKIRKJA – kirkjan, turninn og kennileitið. Eins og titillinn gefur til kynna var kirkjubyggingin viðfangsefnið, og fengu þátttakendur að fara um króka og kima kirkjunnar sem alla jafna eru ekki opnir gestum og gangandi. Mikil þátttaka var í listasmiðjunni (þrátt fyrir þátttökugjald upp á 1000 krónur) og ánægja stjórnenda hátíðarinnar mikil.

DAGUR LEIKSKÓLANS 6. FEBRÚAR



3 - 5 ára Myndlist - Kennari Sigríður Helga.

Nemendur Sigríðar Helgu hreyfðu við hjörtum þátttakenda á ráðstefnunni ÞAR SEM GERAST SÖGUR OG ÆVINTÝR með stórkostlegri skuggaleikhússýningu. Á ráðstefnunni, sem fram fór í Kennaraháskóla Íslands, leiddu saman hesta sína sagnapulir, listamenn og leikskólabörn og fjölluðu um mikilvægi ævintýra í starfi með börnum. Snillingarnir hennar Siguu voru stjórnur ráðstefunnar.

NORRÆNAR LISTBÚÐIR



Nature Form in Architecture - Náttúra Byggingalist Listbúðir í Danmörku - Kennarar: Guja Dögg Hauksdóttir og Hildur Steinþórsdóttir.

Þriðji hluti norrænu listbúðanna fyrir unglunga um byggingarlist, náttúru og manngert umhverfi, sem hófst á Eiðum sumarið 2008 og hélt áfram í Finnlandi 2009, fór fram í Danmörku í ágúst. Þá eru allir þátttökuskólarnir búnir að bjóða til sín. Yfirskrift þessara listbúða var NATURE FORM IN ARCHITECTURE. Frá Myndlistaskólanum fóru átta unglingar og tveir kennarar, þær Guja Dögg Hauksdóttir og Hildur Steinþórsdóttir.

ENDURMENNTUN KENNARA BARNADEILDAR

Haldið var áfram að bjóða kennurum barnadeildar upp á endurmenntun. Byrjað var á þessu á síðasta ári. Mæltist það vel fyrir hjá kennurum og má gera ráð fyrir því að þetta verði fastur liður í stafi deildarinnar. Í vetur hittustu kennarar undir leiðsögn Eyclóar Harðardóttur og var farið yfir ólíkar gerðir pappírs og lita, og mismunandi eiginleika ólíkra efna.

MYNDLISTASKÓLINN OG VINNUSKÓLINN



13-16 ára Vinnuskólinn - Kennari: Baldur Björnsson

Samstarfsverkefni Myndlistaskólans og Vinnuskólans, frá síðasta sumri, þar sem hópur unglunga var ráðinn til að vinna veggverk í portu JL-hússins, hélt áfram. Verkinu var stýrt af Baldri Björnssyni bæði sumrin. Unglingarnir leituðu fanga í umhverfi skólans og bjuggu til sameiginlega skissu að verki sem var útfært á vegginn. Með verkefninu gafst unga fólkinu tækifæri til að kynnast því hvernig það er að vinna við myndlist sem fullt starf. Enda unnu unglungarnir mjög vel og var ekki erfitt að halda þeim að verki. Frekar að erfitt var að fá þau til að hætta.

MYNDASÖGUR OG ÚTGÁFA



Útgáfa myndasögublaðsins AAA!!! hélt áfram og kom fjórða tölublað út á árinu. Stóri bróðir (eða systir) blaðsins, Æ! kom út í fyrsta skipti, en þar gefur að líta afrakstur námskeiðs í myndasögugerð fyrir 16 ára og eldri.

Myndlistaskólinn og Borgarbókasafnið héldu áfram samstarfi sínu um myndasögusamkeppni og sýningu. Yfirskrift samkeppninnar í ár var SKRÍPÓ 2010 og tilefnið 60 ára afmæli Smáfólks (Peanuts). Sýningin opnaði í bókasafninu á sumardaginn fyrsta og eins og áður voru nemendur Myndlistaskólans meðal vinningshafa. Að vanda voru fyrstu verðlaun gjafakort fyrir námskeiði í Myndlistaskólanum.

ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ FYRIR MYNDMENNTAKENNARA MYNDLISTARKENNSLA FYRIR BLINDA OG SJÓNSKERTA




Í október hélt Myndlistaskólinn, í samstarfi við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina, námskeið fyrir myndlistakennara blindra og sjónskerta nemenda. Á námskeiðinu voru kennum kynntir þeir möguleikar og aðferðir sem nota má við myndlistarkennslu fólks með skerta sjón. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Brynhildur Þorgeirsdóttir og Elsa Dóra Gísladóttir. Alls sóttu 10 kennarar námskeiðið.

DREKASTÓLAR EÐA STÓLADREKAR? SÝNING Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS Á BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Sýning á stólum unnum á nýju námskeiðið í Myndlistaskólanum fyrir 10-12 ára börn; Myndlist – handverk – hönnun. Stólarnir voru lokaverk á löngu verkefni sem hófst með heimsókn á Þjóðminjasafnið þar sem krakkarnir gaumgæfðu Grundarstólana. Frá þeirri heimsókn að stólunum á sýningunni var löng vegferð þar sem nemendur lærðu að tálga í tré, veltu fyrir sér hönnun hluta og fengu að lokum hefðbundna borðstofustóla sem þau umbreyttu í drekastóla – eða stóladreka.

BYGGINGARLIST – SÝNING Í EYMONDSSON



Sýning Eymundsson

Í júní opnaði sýning í Eymundsson í Austurstræti á verkum nemenda Myndlistaskólans sem fjalla á einhvern hátt um byggingarlist og umhverfisvitund. Hildur Steinþórsdóttir sá um að setja sýninguna saman, með góðra kvenna hjálp.


STYRKUMSÓKNIR

Margar styrkumsóknir eru unnar árlega í Barnadeild, í innlenda og erlenda sjóði. Oft með góðum árangri en ekki alltaf. Í febrúarlok var send inn stór umsókn í Comeniusarsjóð Evrópusambandsins. Var hún fyrir verkefninu IMPLARCH, sem átti að vera þriggja landa samstarfsverkefni um arkitektúrkenndu barna og unglinga. Var umsóknin gerð í samvinnu við ARKKI í Helsinki og Arkitektasafnið í Stokkhólmi. Mikil vinna var lögð í umsóknina sem var gerð að frumkvæði Myndlistaskólans og lagði hann fram mesta vinnuna í hana. Styrkurinn fékkst því miður ekki, en hugmyndin fékk góða umsögn í dómi úthlutunarnefndar.

KERAMIKDEILD

GRUNDVALLARATRÍÐI Í KERAMIKI KEV 173

Nemendum Handverks og hönnunarskóla Tækniskólans í Reykjavík stendur til boða að taka valáfanga í keramíki í Myndlistaskóla Reykjavíkur við Hringbraut, bæði á haust- og vorönn. Námið samsvarar 3ja eininga áfanga, þar sem nemendur mæta eitt kvöld í viku, kennslan fer fram á miðvikudögum á milli 18 og 22, í 14 vikur. Í áfanganum er farið í helstu aðferðir í mótun og rennslu á leir, kannaðar nokkrar skreytingaraðferðir og glerjun á leirmununum.



Handmótun-geislaskreyting - Kennari: Guðný Magnúsdóttir

VORÖNN 2010

Skráðir nemendur vorannar 2010 voru þrettán talsins, þar af luku 7 þeirra náminu með fullnægjandi hætti og góðum árangri.

HAUSTÖNN 2010

Tíu nemendur voru skráðir til náms á haustönn og sjö þeirra náðu tilskildum árangri og luku námi með þryði.

Á hverri önn er farið í gegnum hvata sköpunar og persónulega tjáningu í þrívíðu formi, í leirinn. Þá er skál eða opið form unnin út frá þeirri skissuvinnu. Einnig kanna eða frjálst form „með karakter“, hvorutveggja mjúk form unnin með slöngutækni. Opið ótilgreint form, ker eða skál í beinu formi með plötutækni þar sem skreyting er felld að forminu. Kennnd rennsla á rennibekk opin form, skálar, bollar ofl. þar sem áhersla er lögð á að „miðja“ og ná færni við að renna fjölbreytt form, setja á hanka, stúta eða fætur. Unnið er í steinleir og jarðleir, skreytt með leirlitum og glerungum. Nemendur fá nokkra fyrirlestra á tímabilinu um fjölbreyttan hóp leirlistarmanna og skrifa ritgerð um einhvern þeirra eða annan að eigin vali sem skilað er í lok áfangans. Kennarar voru Guðný Magnúsdóttir, Anna Hallin og Guðbjörg Káradóttir.

KERAMIK KJÖRSVIÐ KHL

Keramik kjörsvið er 21 eininga nám á framhaldsskólastigi í undirstöðuatriðum leirvinnu. Námið er hluti af hönnunarbraut Hönnunar og handverksskóla Tækniskólans og fer verklegi hluti námsins (21 eining) fram á keramikverkstæðum Myndlistaskólans að Hringbraut 121.

Keramik kjörsvið er eingöngu kennt á haustönn.



Hugmynda og skissubóka vinna

HAUST 2010

8 nemendur, allt konur stunduðu nám á keramik kjörsviði og luku 7 námi.

Þrír nemendur úr kjörsviði hófu nám í Mótun B hluta á janúar 2011.

Í KHL Keramik kjörsviði er farið ítarlega í gegnum helstu vinnuaðferðir við leir s.s. handmótun, rennslu, einfalda gifsátagerð, glerungagerð og skreytiaðferðir. Unnið er með jarðleir og steinleir. Nemendur gera skissubók þar sem sköpunarferlið er skráð ásamt hugmyndum og tækniupplýsingum. Síðustu 4 vikurnar vinna nemendur lokaverkefni og nýta það sem þeir hafa lært í fyrri áföngum til þeirrar vinnu.

Kennarahópur keramikkjörsviðsins samanstóð af Önnu Hallin, Bjarna Sigurðssyni, Guðnýju Magnúsdóttur, Ragnheiði Ingunni Ágústsdóttur, Ragnhildi Stefánsdóttur, Svövu Björnsdóttur, Sigríði Helgu Hauksdóttur og Sigurlínu Osuala. Auk þess komu ýmsir gestafyrirlesarar að náminu.

Umsjónarkennari var Sigurlína Osuala



MÓTUN – LEIR OG TENGD EFNI



Mótun B - Tilraunastofa - Kennarar: Hildur Ýr Jónsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir og Ólöf Erla Bjarnardóttir.

Mótun er tveggja ára diplómanám á 54. stigi samkvæmt viðmiðaramma Evrópusambandsins um nám og er jafngilt 120 ECTS einingum.

Möguleiki er að bæta við sig einu ári við University of Cumbria og ljúka þannig náminu með BA gráðu. Einnig hafa nemendur farið í Kunsthögskolen i Bergen og lokið BA gráðu þar eftir eins árs nám.

Kennsla í Mótun fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík (100 ECTS) en fræðilegur og sá sem snýr að tölvukennslunni er kenndur í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins (20 ECTS).



Mótun B - Tilraunastofa - Kennarar: Hildur Ýr Jónsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir.

VOR 2010

Á vorönn 2010 voru kenndir tveir námshlutar, B hluti – Efni og D hluti – Framleiðsla.

B hluti skiptist í 4 áfanga: **Hugmyndavinnu, Efni og aðferðir, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.**

Í áfanganum Rannsóknarleiðangur var farið til Þýskalands í námsferð með styrk frá Leonardo mannaskiptaverkefnum Evrópusambandsins. Þar heimsóttu nemendur ýmsar postulínsverksmiðjur s.s. Nymphenburg í Munchen og Kahla í Kahla ásamt því að heimsækja Listaháskólann í Halle og söfn sem tengjast postulínsframleiðslu. Nemendur fóru einnig til Berlínar og sáu þar listsýningar og fóru á söfn. Ferðin tók tvær vikur.

Í B hluta er áhersla lögð á að nemendur vinni með margvísleg efni og sett er upp tilraunastofa þar sem nýjar aðferðir og ýmis efni eru prófuð. Í tilraunastofunni er t.d. unnið með að dýfa tilbúnum hlutum í postulínsmassa, tekin gifsmót af ýmsum hlutum sem hafa sérstaka áferð ofl. Unnið er með postulín sem leirtegund og kennd gifsmótagerð. Einnig er áfangi í glervinnu þar sem unnið er með heitt gler á glervinnustofunni Gler í Bergvík á Kjalarnesi.

Hugmyndavinna er unnin og þróuð í nánum tengslum við aðferðir og tækni og vinna annarstjórar náði saman í því ferli. Grunnviðfangsefni annarinnar var vasi sem þróaðist svo út í nytjahlut með viðhengjum s.s. stút, fótum eða handfangi. Á vegum Tækniskólans var kenndur áfangi í Nýsköpun og stofnun fyrirtækja sem var samkennt í B og D hluta Mótunar.

13 nemendur stunduðu nám í B hluta og luku allir ígildi 30 ECTS einingum

Móðulstjórar B hluta voru Brynhildur Pálsdóttir, Hildur Ýr Jónsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir. Kennarar auk þeirra voru Anna Hallin, Hrafnkell Birgisson, Sigurlína Osuala og Sigrún Ólöf Einarsdóttir

D hluti – framleiðsla

skiptist í áfangana: Hugmyndavinnu, Gifsmótagerð, Hönnun og framleiðsla, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.



MÓTUN - C-hluti - Lokaverkefni Halldóru Hafsteinsdóttur.

Í **D hluta** er áhersla lögð á samvinnu við fyrirtæki með fjöldaframleiðslu í huga. Mikil tæknikennsla fer fram og nemendur læra að gera gifsmót fyrir framleiðslu á hlutum úr leir og postulíni. Í janúar kom gestakennari frá Finnlandi, Natalie Lahdenmäki. Hún kenndi nemendum hugmyndaferli hönnunar. Natalie er sjálfstætt starfandi hönnuður og hefur hannað m.a. fyrir finnsku postulínsverksmiðjuna Arabia en kennir einnig við Listaháskólann í Helsinki. Natalie hlaut finnsku hönnunarverðlaunin fyrir unga hönnuði árið 2008. . Í mars fóru nemendur D hluta í tveggja vikna námsferð til Finnlands með styrk frá Leonardo mannaskiptaverkefnum Evrópusambandsins. Kennarar í ferðinni voru Sigurlína Osuala og Ólöf Erla Bjarnadóttir. Nemendur heimsóttu Listaháskólann í Helsinki, verksmiðjuna Arabia, hönnunarfyrirtækið Tonfisk í Turku, glerverksmiðjuna littala, keramikstudíóið SAVEA, söfn og lítil einrykjafyrirtæki í gler- og leirframleiðslu m.a. Kirsi Taiviola.

Lokaverkefni D hluta fólst í samvinnu við nokkur íslensk fyrirtæki og stofnanir s.s. Norræna húsið, Kirkjuhúsið, Sruli Recht, nemendur hönnuðu hluti sem tengdust á einhvern hátt hugmyndafræði eða framleiðslu fyrirtækjanna.

13 nemendur stunduðu nám í D hluta og luku allir ígildi 30 ECTS einingum.

Umsjónarkennarar voru Sigurlína Osuala, Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir. Kennarar auk þeirra voru Natalie Lahdenmäki og Kristján Óskarsson. Auk þess voru ýmsir gestafyrirlesarar.

HAUST 2009

Haustið 2009 voru kenndir tveir námshlutar í Mótun – leir og tengd efni. A HLUTI; Uppruni og C HLUTI; Innri gerð.

A hluti skiptist í 4 áfanga: Hugmyndavinnu, Efni og aðferðir, Tilraunastofu með íslensk jarðefni og Söga manns og hlutar, sem kenndur var í fyrsta skipti með nýju sniði og var á vegum Tækniskólans.

Í A hluta Mótunar var unnið með jarðleir sem brenndur er að hámarki 1200C° og ýmsar tilraunir gerðar með efni sem tengjast og blandast honum. Farin var ferð í Dalasýslu þar sem safnað var íslenskum leir og jarðfræði héraðsins skoðuð. Lögð var áhersla á ýmsar handmótunaraðferðir en auk þess voru gerð einföld gifs mót og gerður var steypumassi úr íslenskum leir. Áfanganum lauk með því að nemendur unnu leirhluti fyrir sýningu sem sett var upp í kjallara lðuhússins í Lækjargötu. Enn fremur voru unnin verkefni er lúta að rekstrarumhverfi einyrkjans. Vikulega voru fluttir fyrirlestrar sem tengdust hinum ýmsu þáttum námshlutans.

12 nemendur hófu nám í A hluta mótunar á haustönn 2009. 10 nemendur luku ígildi 30 ECTS einingum, einn nemaendi hætti eftir 2 vikur og lauk því engum einingum en einn lauk ígildi 23 ECTS einingum

Móduhlustjórar A hluta voru: Sigurlína Osuala og Tinna Gunnarsdóttir.

Kennarar voru auk þeirra, Sigríður Erla Guðmundsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Svafa B. Einarsdóttir og Þór Rögnvaldsson.



MÓTUN - C-hluti / Innri gerð - Teikning - kennarar: Sólveig Aðalsteinsdóttir og Guðjón Ketilsson.

C-hluti skiptist í áfangana: Efni og aðferðir (rennsla og glerungar), Heimspeki, Líkami- mótun/teikning og Sjálfstætt verkefni.

Í C hluta er svigrúm gefið til persónulegrar sköpunar en mismunandi aðferðir og leiðir við leirinn notaðar. Áhersla er mikil á teikningu og heimspeki. Nemendur nota þann leir og þá tækni sem hentar best þeim verkefnum sem þeir vinna að í námshlutanum.

Nemendur í C hluta voru 13 talsins og luku allir 30 ECTS einingum.

Umsjónakennarar voru: Sólveig Aðalsteinsdóttir og Guðjón Ketilsson.

Kennarar auk þeirra voru: Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Ólafur Gíslason, Margrét Jónsdóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Takeshi Yasuda og Sigurlína Osuala.

Sýningar í Mótun.

Í annarlök heldur hver námshluti í Mótun sýningu á lokaverkefnum sínum.

Vorið 2010 voru útskriftarverkefni D hluta sýnd í Kraum en verkefni B hluta voru sýnd í litlu sýningarhúsnæði í Veltusundi.

Haustið 2010 var sýning á lokaverkefnum nemenda í A hluta og C hluta haldin í Þjómenningarhúsinu við Hverfisgötu. Vaninn er að þessar sýningar standi yfir helgi og rúmlega það og eru þær ágætlega sóttar.

Þær eru góð kynning auk þess sem það er nauðsynlegur hluti af námi nemenda að setja upp sýningu og standa með sínum verkum.

Aðrar sýningar í Mótun á árinu 2010:

Sýning í Eymundsson - Austurstræti.



Kennasla í leirrennslu hjá Takeshi.

Mótun leir og tengd efni var með sýningu í Eymundsson – Austurstræti. Sýningin samanstóð af ljósmyndum af verkefnum nemenda sem helguð voru byggingalist og umhverfisvitund. Sýningin var í kaffihúsi verslunarinnar á svölum og í bókabúðinni og stóð frá júní og út ágúst.

Hönnunarmars 2010.

Sýning á ýmsum verkum og kynning á verkefnum í Mótun, voru sett upp á Skörinni hjá Handverki og hönnun í mars 2010. Prentaður var bæklingur um námið í þremur deildum þ.e. Mótun, Textíl og Teiknun.

Sýningin var hluti af Hönnunarmars.

Myndlista og- Hönnunarsvið



Hugmyndavinna 1 - kennarar; Ingólfur Arnarsson og Kolbeinn Hugi.

Alls útskrifuðust 33 nemendur af Myndlista og hönnunarsviði vorið 2010 af 34 sem skráðir voru í deildina haustið 2009.

17 nemendum var boðin skólavist í LHÍ. Þar af 13 í myndlistardeild, 2 í arkitektúr og 3 í hönnunardeild.

4 var boðin skólavist í Teiknideild MiR

2 var boðin skólavist í Textílideild MiR

1 var boðin skólavist í Mótun MiR

1 fékk inngöngu fatahönnunardeild í Bergen í Noregi.

2 fóru í animation-nám til Danmerkur

Vorið 2010 bárust 79 umsóknir á Myndlista og hönnunarsviði. Þar af tóku 71 inntökupróf í mars og maí og var 34 umsækjendum boðin skólavist.

Vor 2010

Karolina Boguslawska og Shauna Laurel Jones skiptu á milli sín kennslu í listasögu á vorönn. Vegna samstarfs Myndlistaskólans við Tækniskólann opnaðist möguleiki til að bjóða nemendum að sækja tíma í Hönnunarsögu fyrir þá sem það völdu. Alls sóttu 10 nemendur Hönnunarsögu hjá Elísabetu Ingvarsdóttir. Kennt var í húsnæði Tækniskólans.

Kennsla í janúar hófst með áfanganum **Teikning – myndgreining-myndbygging**. Kennarar voru Elsa D.Gísladóttir og Ingólfur Arnarsson.

Ragnar Kjartansson heimsótti okkur og ræddi um sýninguna “The End” á Feneyjartvíæringnum. Ingólfur Arnarsson hélt fyrirlestur um teikningu í víðum skilningi. Ingibjörg Birgisdóttir fjallaði um vídeóverkin sín og tónlistarmaðurinn Ben Frost heimsótti deildina og sagði frá eigin verkum og lagði sérstaka áherslu á vinnuferlið og innblástur.



Þrívíð formfræði - kennarar: Eygló Harðardóttir og Hildigunnur Birgisdóttir.

Eygló Harðardóttir og Hildigunnur Birgisdóttir kenndu **Þrívíða formfræði**.

Fyrir tilstuðlan Kristins G.Harðarsonar var ákveðið að vinna verkefni með Lyngási, (dagvistun fyrir fatlaða). Nemendum var boðin leiðsögn um dagvistunina auk þess sem þeir fengu fræðslu um þarfir fatlaðra einstaklinga sem sækja Lyngás. Í kjölfar heimsóknanna var farið í hugmyndavinnu og gátu nemendur valið sér að vinna hugmyndir sínar áfram í lok áfangans. Fjórir nemendur völdu að vinna áfram með hugmyndir sínar og voru niðurstöður sýndar í Norræna húsinu á sýningunni „List án landamæra“. Myndlistardúóíð Libia Castro og Ólafur Ólafsson héldu fyrirlestur um verkin sín og Pétur H.Ármannsson hélt fyrirlestur um mótternisma.

Á vorönn 2010 var ákveðið að bjóða upp á nýjan áfanga **Verkstæði 1 - Hljóð og Mynd** og kom hann í stað hönnunaráfanga.

Hilmar Bjarnason og Sigurður Guðjónsson sáu um kennslu.

Markmiðið var að gefa nemendum færi á að vinna vídeóverk og sjálfstætt hljóðverk. Kennt var á ýmis klippiforrit og luku nemendur við stutt myndskreið þar sem hljóð og mynd spiluðu saman. Nemendum var einnig kennt að taka upp hljóð og vinna það áfram í mismunandi forritum þannig að hljóðið gat staðið eitt og sér eða orðið hluti af myndbandsverki. Farið var í Hafnarhúsið á vídeóinnsetningu Doddu Maggýar og hún fengin til að segja frá sínum verkum. Hljóðverk nemenda var safnað saman á geisladisk og voru þau spiluð á hinni árlegu nemendasýningu sem haldin var í Gallerí Tukt.

Anna Hallin kenndi á tölvur vorið 2010 og Erla Stefánsdóttir sá um ljósmyndakennslu.

Eygló Harðardóttir og Haraldur Jónsson sáu um **Hugmyndavinnu 2**

Haukur Ingi Jónasson var fenginn til að ræða um mismundandi stig vitundar og sagði hann frá því hvernig virkja mætti vitundarstigin fyrir hugmyndavinnu. Í lok vikunnar fór nemendahópurinn ásamt kennurum uppí hæsta turni borgarinnar og sögðu þar frá útópískum/ýktum hugmyndum sínum um lokaverkin sem þau ætluðu að framkvæma í verkstæðisáfanga.

Tinna Gunnarsdóttir og Eygló Harðardóttir voru fengnar til að leiðbeina/ráðleggja nemendum varðandi möppugerð.

Kennarar **Verkstæðisáfanga 2** voru Olga Bergmann, Ólöf Nordal og Sigurður Guðjónsson

Ólafur Gíslason listfræðingur, hélt fyrirlestur um fyrirbærafræði Maurice Merleau-ponty. Farið var á sýningu Einars Garibaldi og sagði hann frá sýningu sinni í Gallerí Ágúst. Útskriftarsýning var haldin í Hugmyndahúsi Háskólanna (í Saltfélagshúsinu). Anna Líndal, JBK Ransu og Brynhildur Pálsdóttir voru gestir í yfirferð.



Myndlista- og honnunarsvið útskriftarsýning 2010

Útskrift

Formleg útskrift fór fram á bókasafni skólans þann 11.maí.

Stuttu eftir að þessi góði hópur kvaddi okkur bárust þau válegu tíðindi að einn nemandi úr hópnum, Ástríður Tómasdóttir hefði látist af slysförum. Hópur kennara og nokkrir starfsmenn skólans skrifuðu minningargrein fyrir hönd Myndlistaskólans sem birtist í Morgunblaðinu. Leitað var að verkum eftir hana og foreldrum hennar færður geisladiskur með samantekt á ljósmyndum og vídeóverkum sem Ástríður hafði gert um veturinn. Samnemendur nýttu sér húsnæði skólans til minnst hennar.

Haust 2010

Ljósmyndun&Tölva 1

Ákveðið var að gera tilraun með að kenna Ljósmynda og tölvaáfangana í lotum rétt eins og aðra verklega áfanga. Ljósmyndararnir Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson voru fengin til að kenna áfangana strax í upphafi haustanna. Áfangarnir samtvinnuðust með því að láta nemendur vinna stafrænar ljósmyndir jafnóðum í myndvinnsluforritum á borð við Photoshop. Einnig voru gerð mediaverkefni þar sem nemendur gerðu stuttar heimildarmyndir sem innihéldu bæði ljósmyndir og vídeó.

Elsa D. Gísladóttir og Kristinn G. Harðarson sáu um fyrsta teikniáfangann, **Teikning-fjarvídd.**

Ragnar Kjartansson kom og sagði frá verkum sínum og sýndi úr nýlegum skissubókum. Sýning "Vík Þrjónsdóttur" var heimsótt í gallerí Sparck og sagði Brynhildur Pálsdóttir frá verkefnum og vinnuferli hópsins. Nemendur og kennarar fengu einnig leiðsögn um sýninguna "að drekka mjólk og að elta fólk" í Hafnarborg.



Litafræði - Kennarar: Eygló Harðardóttir og Sigtryggur Bjarni Baldursson.

Elsa D. Gísladóttir, Ingólfur Arnarsson og Þorri Hringsson kenndu **Módelteikningu 1**. Ólafur Gíslason var fengin til að fjalla um mannlíkamann í gegnum aldirnar.

Vídeómyndir um Matthew Barney og Caravaggio voru fengnar að láni frá LHÍ.

Gunnar Ottósson og Hildur Bjarnadóttir tóku að sér kennslu í **Tvívíðri formfræði**.

Pétur Ármannsson var beðinn um að fjalla um myndlistarmanninn og hönnuðinn Hörð Ágústson. Hlynur Helgason heimsótti deildina og fjallaði um formfræðiáherslur í kvikmyndum. Farið var í heimsókn til Manfreðs Vilhjálmssonar arkitekts og einbýlishús hans á Álftanesi skoðað. Einnig var farið í leiðangur að skoða byggingar eftir Högnu Sigurðardóttir. Sýning Gardars Eide í Hafnarhúsinu var heimsótt auk þess sem leiðsögn var fengin á sýningu spænska listamannsins Ignacio Uriarte í Gallerí i8.

Eygló Harðardóttir, Sigtryggur Baldursson og Ingirafn Steinarsson sáu um fjögurra vikna kennslu í **Litafræði**. Áfanganum var skipt í **liti - tvívídd, liti - þrívídd og liti- rými**.

Eðlisfræðingurinn Þorsteinn Vilhjálmsson hélt tvo fyrirlestra um **eðlisfræði ljóssins**, um **liti og sjónskynjun** okkar. Myndlistar og tónlistarmaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson hélt fyrirlestur um litanotkun í kvikmyndagerð.

Hrafnhildur Schram hitti nemendur á Kjarvalsstöðum og sagði frá sýningunni Með viljann að vopni. Halldór Örn Óskarsson, ljósamaður Þjóðleikhússins tók á móti hópnum og sagði frá vinnu ljósaönnuða í leikhúsum. Nemendur fengu að kynnast margvíslegum möguleikum ljóss og litar og hvernig kalla má fram mismunandi tilfinningar og stemmningu með litum og ljósi.

Margrét H. Blöndal, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir kenndu

Módelteikningu 2 í lok ársins.


Ólöf Ingólfssdóttir hélt fyrirlestur um mannlíkamann í rýminu.

Steinunn Knútsdóttir hélt fyrirlestur um tilraunakenndar aðferðir þar sem mannlíkaminn hefur sína rödd í leikhúsinu.

Þrívíð formfræði - Verk eftir Katrínu Mogensen, módel-Nikulás S. Nikulásson.



TEIKNIDEILD



Teikning A hluti - Nemendaverk eftir Hönnu Aniela Frelek - Kennari: Þóra Sigurðardóttir.

Námið er tveggja ára diplómanám á 4. þrepi samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um nám. Námið jafngildir 120 ECTS, þar af eru 20 ECTS einingar sem kenndar eru á vegum Tækniskólans. Möguleiki er að bæta við sig einu ári við háskólann í Cumbria eða öðrum samstarfsskólum og ljúka þannig náminu með BA gráðu. Námið fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík og Tækniskólanum/ Margmiðlunarskólanum .


Eitt af verkefnum þess að undirbúa námskrá teiknideildar var könnun sem gerð var meðal sjálfstætt starfandi teiknara og fyrirtækja sem nýta sér teiknara á einn eða annan hátt . Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitti ráðgjöf við gerð könnunarinnar.

Sendir voru út rafrænir spurningarlistar til 53 aðila þar sem beðið var um leiðbeinandi svör við spurningunum. Spurt var um hvaða þekkingu, leikni og hæfni teiknarinn þarf að ráða yfir að loknu námi. Könnunin var send til allra fyrirtækja innan skapandi leikjaiðnararins ,(IGI) útgáfufyrirtækja, auglýsingastofa, safna og fjölda sjálfstætt starfandi teiknara.

32 aðilar svöruðu könnuninni og voru ýtarleg viðtöl tekin við 7 af þeim sem svöruðu. Á grunni könnunarinnar og viðtala var unnin þarfagreining sem síðan var lögð til grundvallar námskrágerðinni og skapaði ramma utan um námið.



Teikning A hluti - Módelteikning - Kennari: Iben Lindeberg.



Teikning A hluti - Grafík/þrykk - Kennari: Ingólfur Örn Björgvinsson.

Frá nóvember 2009 tóku Áslaug Jónsdóttir, bókagerðarkona og Halldór Baldursson, teiknari ásamt Sólveigu Aðalsteinsdóttur þátt í umræðufundum til þess að þróa áfram námskrá teiknideildar. Í febrúar 2010 bættist Anna Cindy Leplar í hópinn auk þess að leitað var til fagfólks úr mismunandi greinum teiknifagsins, meðal annars starfsfólks CCP.

Í lok vetrar, á vorönn 2010 var námskrá Teiknideildar kynnt á öllum listnámbrautum framhaldsskólanna hér á höfðuðborgarsvæðinu, einnig var farið til Akureyrar og námið kynnt í Verkmenntaskóla Akureyrar.

Í júní bárust 58 umsóknir um nám í Teiknideild, umsóknum fylgdu verkefnamöppur og skissubækur. Inntökunefnd skipuð Sólveigu Aðalsteinsdóttur, Önnu Cindy Leplar og Halldóri Baldurssyni sem völdu valdi inn nemendur. Vegna mikillar ásóknar í námið var ákveðið að taka 14 nemendur inn í Teiknideildina þrátt fyrir að upphaflega áætlun hefði gert ráð fyrir 12 nemendum. Í fyrstu er gert ráð fyrir að hafa einungis einn hóp nemenda við nám hverju sinni og því er ekki tekið inn á ný í fyrsta hluta námsins fyrr en vorið 2012.



Teikning - Grafíkþrykk - Kennari Ingólfur Örn Björgvinsson.

A-HLUTI, haustönn 2010.

Þóra Sigurðardóttir og Halldór Baldursson voru umsjónarkennarar annarinnar. Þau þróðu áfram námskrádrögin, sköpuðu verkefni sem féllu að drögunum og skipulögðu kennslu.

Í námshlutanum er megin áherslan lögð á að efla teiknifærni í módelteikningu og umhverfisteikningu og stækka hugmyndaheim nemenda.

Námið skiptist í 3 megináfanga;

Módelteikningu 12 ein. Þar er lögð áhersla á að kenna meginatriði módelteikningar og þjálfun nemenda í að greina hlutföll rými og stöðu módelins, nemendur kynnst margslunnum eiginleikum módelteikningarinnar og þeim möguleikum sem módelteikningin opnar.

Umhverfisteikningu 8 ein. Þar er meginverkefnið að kynna nemandanum leiðir til þess að byggja upp teikningu þannig að þrívítt rýmið birtist á sannfærandi máta á tvívíðum fletinum. Kynna nemendum margvísleg gögn (handrit, myndlist, teikningar, textar og fl.) sem eiga þátt í að mynda grunn að persónulegum myndheimi.

Eins og tveggja vikna langir “fleygar” inn í megináfanga A- hlutans voru:

Litur. Þar sem Brian Philkinton kenndi meðferð gvaslitar á litaðan grunn og hvernig skapa má andrúmsloft og stemningu með samspili ljóss og litar.



Módelteikning- Kennari: Þóra Sigurðardóttir.

Grafík. Ingólfur Björgvinsson tók við “fléttuverkefni” Þóru Sigurðardóttur og kenndi nemendum að yfirfæra teikninguna yfir í dúkristu. Í fléttuverkefninu höfðu nemendur skoðað fléttu teikningar og útskurð frá miðöldum, nýtt sér formið en fært viðfangsefnið til samtíðar. Þrykkin voru síðan sýnd í Þjóðmenningarhúsinu í desember ásamt verkum Textíleiddar og Mótunar.

Módel og umhverfi/portrettmálun. Þorri Hringsson tók fyrir módel í umhverfi og Erling Ingi Sævarsson teiknanri hjá CCP kenndi í eina viku portrettmálun og meðferð olíulita.

Gestakennari frá Animation Workshop í Viborg, Iben Lindeberg kenndi módelteikningu í eina viku.

Fræðilegir áfangar voru Saga manns og hlutar 4 eininga námskeið kennt af Elísabetu Ingvarsdóttur. Myndasögur, 2 eininga námskeið kennt af Úlfhildi Dagsdóttur.

Stakir fyrirlestrar á önninni voru:

Fjarvídd í gegnum listasöguna, Ólafur Gíslason.

Mannlíkaminn í gegnum listasöguna, Ólafur Gíslason.

Klínísk læknifræðileg teikning, Hjördís Bjartmars.

Litarefni í íslenskri náttúru, Asa Shimada.

Blekgerð og litur í handritum á miðöldum, Svanhildur Gunnarsdóttir.

TEXTÍLDEILD



Þrjónaprufur úr þrjónakúrs Steinunnar Sigurðardóttur

Námið er tveggja ára diplómanám á 4. þrepi samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um menntun. Námið jafngildir 120 ECTS, þar af eru 20 ECTS einingar sem kenndar eru á vegum Tækniskólans. Möguleiki er að bæta við sig einu ári við Háskólann í Cumbria eða öðrum samstarfsskólum; Listaháskólann í Bergen og Heriot Watt háskólann í Skotlandi og ljúka þannig náminu með BA gráðu. Námið fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík en á eftir að þróa áfram nám í fleiri einingum sem verða kenndar í Tækniskólanum.

Frá nóvember 2009 voru haldnir undirbúningsfundir til að þróa námskrá textíleiddar. Fundina sátu, Hildur Bjarnadóttir, Anna Líndal, Gréta Sörensen, Þóra Sigurðardóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir. Einnig var fundað sérstaklega með Steinunni Sigurðardóttur. Gerð var þarfagreining meðal textílhönnuða, fatahönnuða og fyrirtækja á Íslandi til að átta sig á þörfum starfsumhverfisins, könnunin var höfð til hliðsjónar við þróun námsins. Spurt var hvaða leikni, hæfni og þekking þætti nauðsynleg í náminu. Mikilvægar upplýsingar fengust úr þarfagreiningunni. Mælt var með því að nemendur fengju að fara í starfsnám til að kynna sínu starfsumhverfi, einnig var lögð áhersla á að nemendur hlytu þjálfun í að vinna í hópum og lögð var áhersla á að kynna nemendum það viðskiptaumhverfi sem þeir kæmu til með að vinna í.



Textíll A hluti - Trefjar - Jurtalitun - Kennari: Ásthildur Magnúsdóttir.

Þarfagreiningin var send á 60 fyrirtæki. 35 svöruðu spurningum á netinu og tekið var viðtal við 9 einstaklinga úr faginu.

Í lok vetrar, á vorönn 2010 var námskrá Teiknideildar kynnt á öllum listnámbrautum framhaldsskólanna hér á höfðuborgarsvæðinu, einnig var farið til Akureyrar og námið kynnt í Verkmenntaskóla Akureyrar.

Í júní bárust 28 umsóknir um nám í Textíleild, umsóknum fylgdu verkefnaöppur og skissubækur. Inntökunefnd var skipuð Hildi Bjarnadóttur, Ásthildi Magnúsdóttur og Brynhildur Pálsdóttir kom inn í loka valið. Tekið var viðtal við 6 nemendur. 12 nemendur voru teknir inn.

A-hluti, haustönn 2010.

Hildur Bjarnadóttir og Ásthildur Magnúsdóttir voru umsjónarkennarar fyrstu annarinnar. "Trefjar". Þemað námshlutans var að skoða hvaða möguleikar búa í íslenskum efnivið og í framleiðslumöguleikum nútímans. Textílsaga var skoðuð með það fyrir augum að horfa til framtíðar. Lotur í A-hlutanum voru:

Teikning: 1. Vika. Eygló Harðardóttir kenndi nemendum teikningu og aðferðir við að halda til haga hugmyndum sínum með skissuvinnu á mismunandi pappír með margskonar áhöldum. Skoðaðar voru sýningar og skissuvinna ólíkra listamanna kynnt.



Textíll mynsturgerð - Kennari: Ingirafn Steinarsson

Ullarvinnsla og jurtalitun: 4. Vikur. Ásthildur Magnúsdóttir kenndi undirstöðuatriði í ullarvinnslu og helstu aðferðir við jurtalitun. Farið var í vettvangsferð á geitabúið á Háafelli og, kanínubú.ið

Mynsturgerð: 2 vikur. Ingirafn Steinarsson kenndi nemendum mynsturgerð í gegnum tákfræði og form. Farið var í vettvangsferðir og umhverfið teiknað. Nemendur söfnuðu sér í hugmyndabanka sem þau gætu leitað í í framtíðinni fyrir mynsturgerð.

Vefnaður: 7 vikur. Ásthildur Magnúsdóttir kenndi vefnað. Kennd voru undirstöðuatriði í vefnaði, allt frá því að velja garn í uppistöðu og ívaf, reikna út garnmagn, rekja og binda uipp í vefstólinn. nemendur bundu upp í 12 stóla og ófu.

Sjálfstæð vinna: 1. Vika. Hildur Bjarnadóttir. Undirbúningur undir sýningu í Þjóðmenningarhúsinu.

Haldin var sýning í Þjóðmenningarhúsinu ásamt teikni- og keramik deild. Sýningin heppnaðist með eindæmum vel og var framlengd að beiðni Þjóðmenningarhússins til 17. Des.

Fræðilegir áfangar:

Tóvinna í íslenska sveitasamfélaginu. Áslaug Sverrisdóttir
Saga manns og hlutar: Elísabet Ingvarsdóttir og fleiri.

Gestafyrirlesarar á önninni voru:

Ólafur S. Gíslason. Hugmyndavinna og teikning.
Máni S. Viktorsson. Hönnun á flugbúningum fyrir Atlanta.
Guðrún Bjarnadóttir. Jurtalitun og plöntufræði.
Guðmundur Oddur Magnússon: Sjónabókin.
Ragnheiður Þórsdóttir: Weavepoint.



FÉLAGATAL MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2010

Anna Cynthia Leplar
Anna Guðjónsdóttir
Anna Hallin
Anna Þóra Karlsdóttir
Áslaug Thorlacius
Baldur Óskarsson
Birgir Snæbjörn Birgisson
Bjarni Hinriksson
Björk Guðnadóttir
Borghildur Óskarsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Búi Kristjánsson
Daði Guðbjörnsson
Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Elsa Dóróthea Gísladóttir
Erla Stefánsdóttir
Eygló Harðardóttir
Finnur Arnar Arnarsson
Gerður Leifsdóttir
Guðbjörg Káradóttir
Guðjón Ketilsson
Guðný M. Magnúsdóttir
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Hannesdóttir
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Hafdís Helgadóttir
Halldór Baldursson
Hallsteinn Sigurðsson
Helgi Gíslason
Herdís Ellen Gunnarsdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir
Hildur Bjarnadóttir
Hilmar Guðjónsson
Hlíf Ásgrímsdóttir
Hrafnkell Birgisson
Inga Þórey Jóhannsdóttir
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingirafn Steinarsson
Ingólfur Arnarsson

Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Jóhann Torfason
Jón Axel Björnsson
Jón B.K. Ransu
Katrín Briem
Kolbrún S. Kjarval
Kristinn G. Harðarson
Kristinn Helgason
Kristín Hauksdóttir
Kristín Ísleifsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Kristján Steingrímur Jónsson
Lísa Guðjónsdóttir
Margrét H. Blöndal
Margrét Friðbergsdóttir
Margrét Zophoníasdóttir
Ólafur Gíslason
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Ólöf Nordal
Ósk Vilhjálmsdóttir
Páll Thayer
Ragnhildur Stefánsdóttir
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigtryggur B. Baldvinsson
Sigurður Guðmundsson
Sigurður Þórir
Sigurjón Gunnarsson
Sigurlaug Lövdahl
Sigurlína Osula
Sólveig Aðalsteinsdóttir
Svanborg Matthíasdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Valgerður Bergsdóttir
Vilhjálmur Þorsteinsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Þorri Hringsson
Þóra Sigurðardóttir

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK